

Málið hefur í hjerði verið rekið með tilhlýðilegum hraða og flutningur þess bæði fyrir undir- og yfirdómi verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Edílon Stefánsson, á að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu. Að því er snertir málskostnað í hjerði á undirrjettardómurinn að vera óraskaður; Svo greiði hinn ákærði og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Jóhannesar Ólafssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors, í málflytningslaun. —

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 4/1884

Árni Gíslason
gegn
Eggert M. Waage.

D ó m u r :

Með afsalsbrjefi, dagsettu 20. júní 1879, og samkvæmt kaupsamningi 1. febr. 1878 seldi Eggert verzlunarmaður Waage Árna sýslumanni Gíslasyni hálfu jörðina Krísuvík í Grindavíkurhreppi og hálfu jörðina Herðisarvík í Selvogshreppi með samtals 2 kúgildum fyrir 6000 kr., og segir í afsalsbrjefinu, að hálfenda jarðarinnar Herðisarvíkur sje seld með eyðihjáleigunni Eymu að tiltölulegum hluta, og að hálfenda þessi eptir jarðabókinni frá 1861, sje 17 hdr.

96 ál. — Fyrir nokkurn hluta kaupverðsins gaf kaupandinn út veðskuldabryf, og skyldi eptir því seinasta afborgun, 600 kr., greiddast fyrir lok júlímán. 1882. Með því að kaupandinn ekki greiddi þessa síðustu afborgun í tiltekinn tíma, og færðist undan að inna hana af hendi, sökum þess, að sækjandinn ekki hefði fullnægt afsalsbryfinu að sínu leyti, höfðaði hinn síðar nefndi mál á móti kaupandanum fyrir aukarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu til lúkningar þessum 600 kr., en kaupandinn höfðaði aptur gagnsóknarmál gegn kaupanda útaf því, að hann ekki hefði sett sig inn í eignarumráð yfir hálfri jörðinni Eymu í Selvogi samkvæmt afsalsbryfinu, og útaf vanskilum á 2 kúgildum. Var dómur kveðinn upp í máli þessu 11. október f. á. með þeim úrslitum, að Árni sýslumaður Gíslason ætti að greiða Eggert Waage 465 kr. 12 a. með 4⁰/₁₀ vöxtum frá 15. desbr. 1882 þangaðtil borgun færi fram, og að nokkur ummæli í gagnsóknarskjölunum skyldu vera dauð og marklaus, en að málspartarnir að öðru leyti skyldu vera sýknir hvor af annars kærnum og kröfum og að málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hefur Árni sýslumaður Gíslason áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 6. febr. þ. á., og gjört svolátandi rjettarkröfu :

Fyrst og fremst :

Að dómur hjeradsrjettarins verði dæmdur alveg ómerkur, og að bókhaldari Eggert Magnússon Waage verði dæmdur til að við lögðum daglegum þvingunarsektum :

- 1., Að útvega Árna Gíslasyni fullkominn og órjúfandi eignarrjett yfir hálfri eyðijörðinni Eymu í Sel-

- vogi, og svara honum fyrir afgjald og annan arð af henni 60 kr. árlega frá fardögum 1878 þangaðtil Árni Gíslason hefur náð skýlausum eignarjetti yfir henni gegn því, að hann svari Waage 600 kr. með ársvöxtum samkvæmt kaupsamningnum, en Waage skili Árna Gíslasyni veðskulda-brjefi hans 25. febr. 1878 í kvittuðu standi;
- 2., að sami verði dæmdur til að svara Árna Gíslasyni 2 vantandi kúgildum eða andvirði þeirra 28 kr. og vanalegum leigum frá fardögum 1878 unz þeim (ánum) verður svarað;
- 3., að sami verði dæmdur til að greiða Á. Gíslasyni allan málskostnað með 200 kr. eða að minnsta kosti skaðlaust.

Til vara :

Að hinn sami Eggert Waage verði dæmdur til að svara Árna Gíslasyni að við lögðum daglegum þvingunarsektum 1000 kr., andvirði hálftrar eyðijarðarinnar Eymu í Selvogi, ásamt 60 kr. árlega fyrir arð af henni frá fardögum 1878 þangaðtil andvirði þetta er Árna Gíslasyni að fullu borgað, að frá dregnum 600 kr. með ársvöxtum, en þó svo aðeins, að Waage láti af hendi við Árna Gíslason veðskuldabryf hans frá 25. febr. 1878 í kvittuðu standi.

Að öðru leyti er vararjettarkrafa hans samkvæm aðalrjettarkröfunni Nr. 2 og 3. Í báðum tilfellum krefzt hann, að Árni Gíslason verði dæmdur sýkn fyrir kröfum mótpartsins í þessu máli bæði hvað sektir fyrir ósæmilegan rithátt og annað snertir.

Hinn stefndi, Eggert vezlunarmaður Waage, hefur aptur á móti krafzt, að undirrjettardómurinn verði í öllum greinum staðfestur, og að áfrýjandinn verði

dæmdur til að greiða hinum stefnda allan málskostnað fyrir yfirjettinum með 50 kr. eða einhverju nægilegu eptir rjettarins mati.

Áfrýjandinn hefur haldið því fram, að hinn stefndi hafi í framannefndum kaupsamningi og afsalsbrjefi heimilað sjer eignarumráð yfir hálfri eyðijörðinni Eymu í Selvogi, með því að það sje hin eina eyðijörð á landinu með því nafni, og mat hennar í jarðabókinni 1861 komi líka heim við mat það, sem í tjeðum heimildarskjölum er tilgreint á hálfendu Herdísarvíkur með eyðihjáleigunni Eymu að tiltölulegum hluta, enda hafi hinn stefndi kannast við, að hann hafi ímyndað sjer, að sú eyðijörð Eyma, sem talin er í jarðabókinni 1861 næst á eptir Herdísarvík, væri hjáleiga frá þessari jörð, en nú hafi hinn stefndi ekki fullnægt afsalsbrjefinu að því er snertir eyðijörðina Eymu, því hún sje og hafi, þegar kaupin gjörðust, verið annars manns eign, og hafi hinn stefndi þannig selt það, sem hann ekki átti.

Í kaupsamningnum og afsalsbrjefinu er það skýrt tekið fram, að það, sem hinn stefndi selji og ætli sjer að selja, sje hálfendur jarðanna Krisuvíkur og Herdísarvíkur með öllum þeim hjáleigum og öðru, sem hálfendum þessum fylgi og eigi að fylgja, en ekkert frekara, og þar sem í heimildarskjölum þessum segir, að með Herdísarvík sje seld hálf eyðihjáleigan Eyma, þá er hún tilgreind sem hjáleiga, er liggir undir Herdísarvík, og seld sem hluti af henni með sameiginlegum dýrleika. Eins og heimildarskjölin þannig bera með sjer, að tilætlun seljandans var að afsala kaupandanum einungis hálfendur Krisuvíkur og Herdísarvíkur með öllu, sem þeim fylgdi

að lögum, eins hlaut það að vera kaupandanum ljóst, að engin önnur sjálfstæð jörð nje jarðarpartur en þessar tvær hálfendur væru fólgnar í kaupinu, enda er ekkert komið fram undir málinu, er bendi til, að málspartarnir hafi ætlað sjer að semja um kaup á öðrum jörðum en Krisuvík og Herdísarvík. Með því nú að eyðijörðin Eyma í Selvogi er sjálfstæð jörð, þá ná kaupsamningurinn og afsalsbrjefið ekki til hennar, hvorki eptir orðum þeirra, nje eptir þýðingu þeirri, sem í þau verður lögð, en hins vegar er það komið fram undir málinu, að Herdísarvík hafi fylgt afbýli, sem að vísu ekki hjet Eyma, heldur öðru nafni, og það er þetta afbýli, sem hinn stefndi segist hafa átt við, þegar hann tilgreindi, hvað Herdísarvíkinni ætti að fylgja. Aðalkrafa áfrýjandans um, að hinn stefndi verði dæmdur til að útvega honum full eignarumráð yfir eyðijörðinni Eymu í Selvogi, og varakrafa hans um, að hinn stefndi verði dæmdur í skaðabætur fyrir, að hann ekki hafi útvegað honum eignarrjett yfir tjeðri eyðijörð, verða því ekki teknar til greina. Þar sem hinn stefndi aptur á móti í afsalsbrjefinu og kaupsamningnum hefur til greint dýrleika Herdísarvíkur 90 álnum hærrí, en jarðabókin segir, þá hefur áfrýjandanum í hjeradsdómnum verið dæmdar skaðabætur fyrir það með samtals 134 kr. 88 a., og með því að hinn stefndi ekki hefur áfrýjað hjeradsdóminum, og áfrýjandinn ekki hefur sjerstaklega fundið neitt að þessari skaðabótaupphæð, þá getur þetta atriði ekki komið til álita fyrir yfir-dóminum.

Þar sem áfrýjandinn í öðru lagi hefur krafizt, að hinn stefndi verði skyldaður til að svara sjer 2 vant-

andi kúgildum, eða andvirði þeirra, með vanalegum leigum frá fardögum 1878, þá fer þessi krafa lengra en kröfur hans fyrir hjeradsrjettinum í gagnsáttakæru hans, gagnstefnu og gangsóknarskjölum, því í öllum þessum skjölum fer áfrýjandinn að eins fram á, að hinn stefndi standi sjer skil á 2 kúgildisám eða andvirði þeirra, en hefur kannazt við að hafa tekið á móti 1 kúgildi og 4 ám upp í hitt kúgildið. Þessi krafa getur þannig að eins komið til greina að því er snertir 2 kúgildisær eða $\frac{1}{3}$ af einu ásauðarkúgildi, og fær yfirdómurinn þá ekki betur sjeð, en að hinn stefndi samkvæmt 5. gr. kaupsamningsins hafi verið skyldur til að standa áfrýjandanum skil á þeim kúgildum, sem jörðunum áttu að fylgja, og að áfrýjandinn hafi átt aðganginn að hinum stefnda, að því er þau snertir, úr því að hinn fráfarandi ábúandi ekki skilaði þeim í lagi, en að afleiðingin af því, að áfrýjandinn ekki hefur hreyft neinni kröfu fyrir vanskil á kúgildunum fyr en nú, geti ekki orðið önnur en sú, að hann missi tilkalls til alls ágóða af þeim fyrir umliðinn tíma. Þar eð áfrýjandinn hefur neitað að hafa tekið við nema $1\frac{2}{3}$ kúgildi, og hinn stefndi ekki hefur sannað, nje einu sinni staðhæft, að honum hafi verið afhent meira, þá ber hinum stefnda að svara áfrýjandanum 2 kúgildisám eða andvirði þeirra, en með því að áfrýjandinn ekki hefur krafizt hjer fyrir rjettinum hærra andvirðis fyrir 2 kúgildi en 28 kr., þá verður hinn stefndi ekki dæmdur til að greiða hærra andvirði fyrir 2 kúgildisær eða $\frac{1}{3}$ af einu kúgildi en 4 kr. 66 a., og ber því að staðfesta hjeradsdóminn með þessari breytingu bæði í aðalefni hans og að því er snertir málskostnað í hjeraði. Málskostn-

aður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum stefnda, Eggert Waage, ber að svara áfrýjandanum, Árna sýslumanni Gíslasyni, 2 kúgildisám, eða gjalda honum andvirði þeirra með 4 kr. 66 a. Að öðru leyti á hjeradsdómurinn að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 12. maímán.

Nr. 2/1884.

Árni Gíslason

gegn

Guðmundi Thorgrímsen.

Dómur:

Með stefnu, dagsettri 4. janúar þ. á., hefur fyrrum sýslumaður Árni Gíslason í Krisuvík áfrýjað dómi gestarjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu, uppkveðnum 18. okt. f. á., og er hann með honum dæmdur til þess, að greiða stefnandanum Guðmundi Thorgrímsen á Eyrarbakka sem forstjóra verzlunar J. R. B. Lefolli 187 kr. 11. a. með vöxtum 5⁰/₀ árlega frá 15. júní f. á., þar til upphæðinni er lokið. Enn fremur er og áfrýjandinn dæmdur til að greiða 5 kr. sekt til landsjóðs fyrir ósæmilegan rithátt, og hin átöldu meiðyrði dæmd dauð og marklaus.

Áfrýjandinn, fyrrum sýslumaður Árni Gíslason,